

ORKUSTOFNUN  
MÁLASAFN

442.3 /Blöndu

1. INNGANGUR

Tilgangur þessarar greinargerðar er að gefa stutt yfirlit yfir, hvernig virkjun Blöndu er nú hugsuð; hver stærð hennar er í megawöttum (MW) og árleg orkuvinnslugeta í gigawattstundum (GWh), og síðast en ekki síst hvaða áhrif virkjunin muni hafa á umhverfi sitt.

Greinargerðinni fylgir gróðurkort af virkjunarsvæðinu, sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur unnið fyrir Orkustofnun. Þar er jafnframt sýnd virkjunartilhögunin í meginindráttum. Þrjú mismunandi vatnsborð eru sýnd í uppistöðulóninu til þess að sýna, hver áhlfif það hefur á gróðurlendið hve hátt er stiflað.

Nú sem stendur vinnur Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen, sem annast hefur fyrir Orkustofnun hina verkfræðilegu hlið rannsóknanna á Blönduvirkjun, að því að gera áfangaskýrslu um virkjunina. Sú skýrsla verður tilbúin nú í vor. Þar verður að finna ítarlegri lýsingu á ráðgerðri tilhögun mannvirkja en fært þótti að taka með í þessa stuttu greinargerð. Þar verður einnig frumáætlun um kostnað.

Niðurstöður athugana, sem gerðar hafa verið hingað til, benda til þess, að Blönduvirkjun sé mun hagkvænni meðal bestu virkjunarstaða hérlendis.

2. Helstu niðurstöður

Það helsta, sem fram kemur í greinargerð þessari, má draga saman þannig:

Afl Blönduvirkjunar	135 <sup>1)</sup>	megawött, MW
Aukning á árlegri orkuvinnslugetu		
virkjanakerfis við tilkomu		
Blönduvirkjunar	900 <sup>1)</sup>	gigawattstundir á ári, GWH
Verg fallhæð	326	m
Nýtanlegt miðlunarrými	460	gígálítrar, Gl (= 460 milljónir rúmmetra)

Venjuleg vatnsborðshæð í uppi-	
stöðulóni, þegar það er fullt	480 metrar yfir sjó, m.y.s.
Flatarmál uppistöðulóns við	
vatnsborðshæð 480 m y.s.	62 km <sup>2</sup>
Heildarstærð gróins lands, sem	
fer undir vatn	56 km <sup>2</sup>
Beitargildi alls þess gróna lands,	
sem fer undir vatn	2430 ærgildi í 90 daga
Af því er vestan Blöndu	1769 ærgildi í 90 daga
austan - " -	661 - " - " - " -

- 
- 1) Þessar tölur kunna að breytast lítið eitt til hækjunar við nánari athugun.

### 3. Lýsing virkjunar

#### 3.1 Forathuganir

Á undanförnum árum hefur verið unnið að lauslegum athugunum fallvatna á vatnasviðum Blöndu og Vatnsdalsár í Húnnavatnssýslu. Ýmsir valkostir hafa verið athugaðir, en í fyrstu beindust áætlunarir að því að virkja árnar saman niður í Vatnsdal. Með tilliti til umhverfisverndar hefur nú verið horfið frá þeim áformum. Virkjun Blöndu einnar niður í Blöndudal hefur verið talin mjög hagkvæm, og um síðustu áramót fól Orkustonfun Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen sf að gera eins ítarlega áætlun um slika virkjun og kostur var á með núverandi frumgögnum.

Nú er unnið að þessari áætlunargerð, og er gert ráð fyrir, að frumáætlun liggi fyrir í ~~þ~~ok mai-mánaðar.

Virkjunarfyrirkomulag var í meginþráttum ákveðið með hliðsjón af samanburðaráætlunum, sem gerðar voru sumarið og haustið 1974. Bornar voru saman fjórar mismunandi höfuðtilhaganir, auk afbrigða, sem fólust í mismunandi legu vatnsvega og staðsetningu inntaksstíflu neðan við Gilsvatn. Í öllum tilhögnum var gert ráð fyrir miðlunarstíflu í Blöndu við Reftjarnarbungu og framhaldi hennari í Kolukvísl við Kolkuhól. Með tilhögun A er vatninu veitt um Þrístiklu og Smalatjörn í Austara-Friðmundarvatn. Úr Friðmundarvatni fellur vatnið um Fiskilæk í Gilsvatn. Hagkvæmast reyndist að stífla Gilsá skammt neðan við vatnið og grafa um 7 km langan aðrennslisskurð austan við Stórabarð og Selbungu að inntaki lóðrétttra fallganga, sem liggja að stöðvarhúsi neaðnjarðar. Frá stöðvarhúsi verða um 5,4 km löng frárennslisgöng í Blöndu, þar sem hún er í 90 m hæð y.s. Verg fallhæð virkjunar er um 326 m.

Með tilhögnum B og C er veitt úr miðlunarlóni gegnum stíflu í Kolukvísl. Með tilhögun B var fyrirhugað að stífla Kolukvísl aftur um 0,8 km neðan við móti Fellakvíslar og veita vatninu um skurð í Mjóavatn. Úr Mjóavatnini fellur vatnið í Vestara-Friðmundarvatn um Mjóavatnslæk. Friðmundará, sem fellur úr Vestara-Friðmundarvatni, er stíflað og Friðmundarvötnin tengd með stuttum skurð. Að öðru leyti er tilhögun B eins og tilhögun A.

Með tilhögun C er Vatnsdalsá stífluð við Álfthóla og jafnframt er útrennsli Eyjavatns stíflað. Myndast þá allstórt lón í Melbrigðuflá, sem tófar afrennsli í Vestara-Friðmundarvatn. Úr því verður virkjunarfyrirkomulag eins og ráðgert var með tilhögun B.

Loks var til samanburðar gerð áætlun um að virkja í þremur þrepum í farvegi Blöndu, tilhögun D.

Hagkvæmust þessara tilhagana reyndist tilhögun C. Með henni var áætluð orkuvinnsla mest eða um 17% meiri en með tilhögun A og stofnkostnaður á orkueiningu nálægt 4% lægri. Með tilhögun B fíkkst um 3% meiri orkuvinnsla en með tilhögun A, en stofnkostnaður á orkueiningu varð nálega hinn sami. Eins og vænta mátti, gáfu samanburðaráætlánir ótvírátt til kynna, að um virkjun í sjálfu Blöndugili, tilh. D, yrði vart að ræða, sökum verulega hærri stofnkostnaðar.

Eins og áður sagði, reyndist tilhögun C hagkvæmust. Verði hins vegar virkjað í samræmi við hana mundi meðalrennsli Vatnsdalsár við Forsæludal minnka um rúmlega 60%. Með tilliti til umhverfisverndar var því fallið frá frekari áætlunargerð um þann valkost. Mismurur á tilhögunum A og B er óverulegur, og þar sem telja má, að minnst röskun á umhverfi verði með tilhögun A, var ákveðið að miða áframhaldandi áætlunargerð við hana.

Við undanfarandi athuganir á virkjun Blöndu hafa einkum tvö miðlunarstíflustæði komið til álita. Hið efra er skammt neðan við ármót Sandár og hið neðra um tveimur km norðar. Í báðum tilvikum verður framhald stíflunnar í Kolkukvísl við Kolkuhól. Ekki er marktækur munur á þessum stíflustæðum, og hefur verið gert ráð fyrir neðra stæðinu við frumáætlunargerð. Ofan miðjunarstíflu munu nálægt 60 km<sup>2</sup> lands fara undir vatn. Hættri þessa svæðis er gróðurlendi og talið gott beitarland. Tilfinnanlegust röskun á umhverfi við fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir verður þessi rýrnun beitilands. Hafa því aðrir möguleikar til miðlunar verið athugaðir. Það, sem helst

virðist koma til greina, er að stífla Blöndu skammt ofan ámmóta við Sandá, en þá þarf einnig langa stíflu upp með Blöndu að vestanverðu. Með þessu fyrirkomulagi yrði Kolkuflóinn og landið upp með Sandá utan miðlunararlóns. Verulega minna gróðurland vestan Blöndu færi undir vatn, en til að tryggja öruggari rekstur virkjunar, þyrfti hærri stíflu á þessum stað, og meira gróðurland myndi fara undir vatn austan ár. Kostnaðarsamanburður sýnir einnig, að miðlun þarna verður verulega dýrari.

Búast má við, að þessi kostnaðaraðki hækki stofnkostnað virkjunarinnar um 15-20%.

### 3.2 Núverandi virkjunaráform

Núverandi áformum um virkjun Blöndu niður í Blöndudal má í stuttu málí lýsa á eftirfarandi hátt.

Fyrirhugað er að stífla Blöndu nálægt tveimur km neðan ármóta Sandár. Stíflan er jarðstífla með þéttikjarna úr jökulruðningi. Hæst verður stíflan í farvegi Blöndu milli Reftjarnarbungu að austan og Lambasteinsdrags að vestan. Einig þarf að stífla farveg Kolukvíslar milli Kolkuhóls og Áfangafellshóla og lágar stíflur verða milli Áfangafellshóla og Áfangafells og í Fellaflóa við suðurenda Áfangafells. Austan Blöndu verður lítil stífla í Galtarárfloa sunnan Reftjarna. Á byggingartíma er ráðgert að veita ánni um botnrás á austurbakka.

Frá miðlunarloni ofan stíflu verður veituskurður að Þrístiklu með lokuvirki í stíflu norðan Kolkuhóls. Vatnsborð Þrístiklu verður hækkað lítið eitt með jarðstíflu í Fannlæk neðan Smalatjarnar, og verður þá samfellt lón þaðan að áðurnefndum veituskurði. Frá Smalatjörn verður stuttur veituskurður norður í efstu drög að Stuttalæk, sem fellur í Austara-Friðmundarvatn. Engin loka verður í þessum skurði, en þröskuldur, sem takmarkar lægstu vatnsstöðu í Þrístiklulóni.

Úr Austara-Friðmundarvatni fellur vatnið um Fiskilæk í Gilsvatn, sem verður inntakslón virkjunarinnar. Gilsá er stífluð skammt neðan við vatnið og núverandi vatnsborð hækkað um um það bil two metra. Verður þá einnig að stífla í lægð austan við sunnanvert vatnið. Í farvegi Gilsár verður steinsteypt yfirlall og botnrásarloka, en stíflan venður að öðru leyti úr jarðefnum.

Inntakskurður virkjunarinnar frá Gilsvatni að Selbungu verður um 7 km langur. Inn í skurðinn er vatnið tekið um hjólaloku og verður um 4,6 m hæðarmunur á vatnsborði ofan og neðan loka. Skurðurinn liggar um flá milli Gilsár og Sléttárdals, þar sem jarðstíflur verða beggja vegna hans, og síðan austan við Stórabard og Selbungu að inntaki í fallgöng. Við skurðenda myndast lítið lón ofan við jarðstíflu. Í jarðstíflunni verður steinsteypt inntaksvirki með geiraloku.

Að stöðvarhúsi, sem ráögert er neðanjarðar, verða lóðrétt, hringlaga aðrennslisgöng. Frárennslisgöng verða niður í farveg Blöndu, þar sem hún er í 90 m hæð y.s., 0,7 km ofan við brúna hjá Syðri-Löngumýri. Aðkoma að stöðvarhássi verður um jarðgöng úr Blöndudal.

Meðalrennsli til fyrirhugaðrar virkjunar er talið 3933 kl/s, þ.e. rennsli Blöndu við Reftjarnarbungu, Gilsár neðan við Gilsvatn, Kolukvíslar við Kolkuhól og rennsli af efstu drögum Fellakvíslar. Virkjað rennsli er ráögert 48,7 kl/s í þremur vélasamstæðum samtals 135 MW. Fyrirhuguð miðlun við Reftjarnarbungu er 520 Gl. Þarf þá að stífla uppi 480,0 m hæð y.s., en í almestu flóðum mun vatnsborð stíga upp í 487,2 m hæð y.s.

Áætlað er, að Blönduvirkjun muni auka um 900 GWh/a við orkuvinnslugetu virkjanakerfis á Norðurlandi.

#### 4. Umhverfisáhrif

##### 4.1 Áhrif á beit

Langsamlega veigamestu áhrif Blönduvirkjunar á umhverfi sitt eru í því fógin, að beitiland fer undir vatn; fyrst og fremst í uppistöðulóni virkjunarinnar.

Orkustofnun hefur fengið Rannsóknastofnun landbúnaðarins, sem m.a. vinnur að gróðurkortagerð af afréttum landsins, til að gera sérstakt gróðurkort af virkjunarsvæði Blöndu. Fylgir kortið með greinargerð þessari. Á grundvelli kortsins og gráðugreiningum þess hefur Rannsóknastofnun landbúnaðarins síðan metið beitargildi þess lands, sem fer undir vatn. Niðurstöðurnar eru dregnar saman í eftirfarandi töflu:

Venjuleg vatnsborðshæð í miðlunar-lón, metrar yfir sjó	Gróið	Fóður-	Ergildi <sup>1)</sup> í		
	land u.vatn ha	ein-ing	90 daga	Austan	Vestan
475	3470	310490	1617	411	1206
480	5290	437711	2279	661	1618
485	6732	544045	2833	1006	1827
<hr/>					
Ráðgerð venjuleg vatnsborðshæð í lóni er 480 m y.s.					
Við þá vatnsborðshæð fer undir vatn af grónu landi:					
í uppistöðulóni (sjá hér að ofan)	5290	437711	2279	661	1618
Umhverfis Þrístiklu	202	19788	103	-	103
Umhverfis Gilsárvatn	107	9290	48	-	48
Alls gróið land undir vatn	5599	466789	2430	661	1769

<sup>1)</sup> Eitt ærgildi = 1 ær + 1,4 lömb.

í greinargerð sinni um niðurstöður tekur Rannsóknastofnun landbúnaðarins fram, að aðferðir við útreikninga uppskerumagns séu stöðugt í endurskoðun, og séu ofangreindar tölur um fóðureiningar og ærgildi af þeim sökum ekki endanlegar. Þess er getið, að Ingvi Þorsteinsson sé nú staddur í Colorado í Bandaríkjum, þar sem hann vinni að tölvuúrvinnslu á uppskerumælingum.

Orkustofnun hafði símasamband við Ingva út af þessu. Taldi hann ekki ástæðu til að ætla, að tölvuúrvinnsla í stað Handúrvinnslu myndi breyta niðurstöðum, svo að marktækt væri.

#### 4.2 Áhrif á silungsveiði í vötnum

Frá uppistöðulóni fer vatn það, er virkjunin nýtir í gegnum þrjú stöðuvötn á leið sinni að stöðvarhúsi. Þessi vötn eru Prístikla; Austara Friðmundarvatn og Gilsvatn.

Í vötnum þessum er nú smávegis veiði. Af þessum sökum rannsakaði líffræðingur hjá Orkustofnun þau s.l. summar, og er ráögert að ljúka þeirri rannsókn á næsta sumri.

Um offjölgun bækikju virðist vera að ræða í a.m.k. Austara Friðmundarvatni og e.t.v. einnig í Gilsvatni. Veiðin er með öðrum orðum minni en hún gæti verið. Hve miklu meiri hún gæti verið, er ekki vitað sem stendur, en nánari vitneskja um það fæst væntanlega eftir rannsóknir næsta sumars.

Þessir veiðimöguleikar munu fara forgörðum, ef aðrennslisvatni til virkjunarinnar er veitt gegnum þessi þrjú vötn.

#### 4.3 Áhrif uppistöðulónsins á loftslag hið næsta sér

Kunnugt er, að stöðuvötn draga úr árstíðasveiflum lofthita hið næsta sér; hækka vetrarhitann meðan vatnið er aðtt og lækka sumarhitann. Til þess að um umtalsverð áhrif í þessa átt sé að ræða, mun þó þurfa mun stærri stöðuvötn en uppistöðuna í Blöndu,

sem er  $62 \text{ km}^2$ , þegar lónið er fullt. Til samanburðar er, að Þingvallavatn er  $83 \text{ km}^2$ ; Þórisvatn  $75 \text{ km}^2$ ; Hvítárvatn  $28 \text{ km}^2$ ; Lögurinn  $52 \text{ km}^2$  og Mývatn  $38 \text{ km}^2$ .

Blöndulónið verðnr með öðrum orðum svipað að stærð og ýmis stöðuvötn hér á landi. Eftir því sem best verður séð, eru horfur á, að hitaáhrif lánsins verði mjög takmörkuð. Þess er að geta, að þegar niðurdrætti í lóninu lýkur, í byrjun vors ár hvert, er flatarmál þess til muna minna en  $62 \text{ km}^2$ , breytilegt eftir vetrarrennslinu. Lónið er grunnt á stórum svæðum. Hlutar þeirra fara ekki í kaf fyrr en kemur fram á sumar og þeir náð að hitna.

Stöðuvötn hafa einnig stundum ýmissönnur staðbundin loftslagsáhrif, svo sem þau, að uppgufun úr þeim skapar þoku yfir vatnsfletinum, og alveg næsta nágrenni hans. Það gerist einkum við viss veðurskilyrði, þar sem lognasælt er. Slik áhrif eru mjög staðbundin. Í vindasömu veðurfari, eins og hér á landi, eru þau hverfandi litil, eins og reynslan af stærri stöðuvötnum í byggð mun sýna.

#### 4.4 Áhrif uppistöðunnar á rennsli Blöndu neðan virkjunar

Áhrif uppistöðulónsins á rennsli Blöndu neðan virkjunar eru einkum fólgin í því, að það dregur úr árstíðasveiflum þessa rennslis; eykur vetrarrennslið og minnkar sumarrennslið. Önnur áhrif eru þau, að framburður sest fyrir í lóninu og vatnið neðan þess verður ekki eins gruggugt. Skolgrái liturinn mun þó að verulegu leyti halda sér. Hann stafar af mjög finu gruggi (jökulleir), sem aðeins að litlu leyti fellur til boðns í lóninu.

Framburðarmagn Blöndu er mælt. Það mun taka aldir að fylla uppistöðulónið af framburði.